


Ég, þú og við öll

Sögur og staðreyndir
um jafnrétti



Ég, þú og við öll
Sögur og staðreyndir um jafnrétti

ISBN 978-9979-0-1993-0

© Kolbrún Anna Björnsdóttir og Fatima Hossaini

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Faglegur yfirllestur: Auður Magnús Auðardóttir félags- og kynjafræðingur, Gunnhildur Sigurhansdóttir kennari og kynjafræðingur og Ingólfur V. Gíslason félagsfræðingur

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2014

rafræn útgáfa 2021

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda.


Ég, þú og við öll

Sögur og staðreyndir um jafnrétti

Kolbrún Anna Björnsdóttir

og

Fatima Hossaini



NÁMSGAGNASTOFNUN

Efnisyfirlit

Enginn er eyland	3	Sigríður María Egilsdóttir, baráttukona fyrir jöfnum rétti kynjanna	26
Hver er ég?	4	Vegna þess að ég er stelpa	27
Við og veröldin okkar	5	Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, baráttukona fyrir mannréttindum fatlaðs fólks	28
Af hverju þurfum við að læra um jafnrétti?	6	Skaðlegir fordómar	29
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	7	Andrei	30
Hvað er kyn?	8	Ungliðahópur Samtakanna '78	31
Hvað er eðli?	9	Nelson Rolihlahla Mandela, baráttumaður gegn kynþátta- fordómum	32
Hvað er félagsmótun?	10	Anna og Ahmed	33
Sagan um bleikt og blátt	11	Mohandas Karamchand „Mahatma“ Gandhi, baráttumaður gegn nýlendustefnu	34
Tvískiptur heimur	12	Ellen	35
Karlmannlegir háir hælur	13	Á flótta til Íslands	36
Barnaföt á fyrri öldum	14	Elias	37
Staðalímyndir	15	Ajmal	38
Geena Davis, frumkvöðull í rannsóknnum á misrétti í afþreyingarefni	16	Barnaþrælkun	39
Staðalímyndir í afþreyingarefni	17	Yaya	40
Zahra	18	Halima	41
Þóra Melsteð, frumkvöðull í menntun kvenna á Íslandi	19	Barnabréðkaup	42
Ishmael	20	Kristín og Einar	43
Malala Yousafzai, baráttukona fyrir menntun stúlkna	21	Ást og kynlíf	44
Baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla	22	Rifjum að lokum upp ráðleggingarnar sem þið fenguð í bókinni:	47
Bríet Bjarnhéðinsdóttir, frumkvöðull í kynjajafnrétti á Íslandi	24		
Hugrenningar Víðis, Trausta og Odds um jafnrétti kynjanna	25		

Enginn er eyland

Hefur þú heyrt orðatiltækið: Enginn er eyland?


Með því er átt við að enginn sé einn í heiminum. Við þörfnumst öll hvers annars enda fæðumst við inn í samfélög, ölumst þar upp og lifum í samfélagi við annað fólk, dýr og náttúruna. Til að samfélög geti blómstrað er mikilvægt að allir virði réttindi hver annars. Til þess að geta passað upp á réttindi sín og annarra þarf fyrst að vita hver þau eru. Við þurfum líka að geta gert greinarmun á réttindum og forréttindum. Stundum verða nefnilega forréttindi eins hóps til þess að brotið er gegn réttindum annars hóps.

Mannréttindabaráttan snýst um réttindi allra í heiminum.

Á Íslandi er reynt að gæta réttinda fólks með alls konar lögum og samþykktum. Það tekst samt ekki alltaf alveg fullkomlega. Sumum réttindum hefur ekki enn verið náð og stundum eru brotin réttindi á fólki. Það er líka hægt að brjóta réttindi á einhverjum án þess að vera beinlínis að brjóta lög. Það skiptir máli hvernig við komum fram hvert við annað í daglegu lífi. Þegar réttindi eru brotin á einhverjum er mikilvægt að til sé fólk sem getur bent á brotin og krafist úrbóta. Þannig verður samfélagið smátt og smátt réttlátara fyrir alla.

Í þessari bók ætlum við að fara í eins konar ferðalag þar sem við reynum að átta okkur á því hvað jafnrétti er. Við munum skoða mismunandi hliðar jafnréttis, t.d. kynjajafnrétti, jafnrétti óháð kynhneigð, milli fatlaðra og ófatlaðra, milli fólks með ólíkan húðlit, tungumál og uppruna. Við kynnumst ýmsum hetjum sem hafa barist fyrir jafnrétti. Við heyrum líka sögur sem veita svolitla innsýn í stöðu jafnréttismála bæði hérlendis og víðsvegar í heiminum.

Áður en við leggjum af stað í ferðalagið er best að taka til þau verkfæri sem við þurfum á að halda. Ýmis hugtök, eins og *staðalímyndir*, *félagsmótun* og *kyngervi*, er gott að hafa bak við eyrað þegar verið er að ræða um jafnrétti. Þessi hugtök og fleiri eru verkfærin sem við notum til að rannsaka og skilja samfélagið sem við búum í.



Við förum ekki langt án þess að taka okkur sjálf með en hvað meinum við þegar við segjum „okkur sjálf“? Og hver er þá „ég“?

Hver er ég?

Að vera „ég“ er að vera svo margt. „Ég“ á mér nafn, hef einhverja stöðu innan fjölskyldu, hef stöðu í samfélaginu, er hluti af samfélagi.

„Ég“ birtist líka á mismunandi hátt. „Ég“ breytist og þroskast. „Ég“ er ekki alls staðar og alltaf eins. Umhverfið og aðstæður hafa áhrif á „mig“. Þegar „ég“ er með vinum mínum er „ég“ ekki eins og „ég“ í skólastofunni. Samt eru þetta allt hlutar af mér. Við höfum nefnilega öll þann eiginleika að geta lagað okkur að aðstæðum, tekið okkur ný hlutverk.

Við skynjum umhverfi okkar, stundum alveg án þess að taka eftir því, og bregðumst við því. Það er ótal margt sem hefur áhrif á okkur og hvernig við hugsum um sjálf okkur; það sem við lesum, sjáum í sjónvarpi, í tölvunni, í auglýsingum, það sem einhver segir við okkur eða það sem við heyrum. Og í hvert skipti sem við skynjum eitthvað getur það breytt því hvernig við skiljum heiminn eða okkur sjálf.

Sá sem hefur hins vegar mestu áhrifin á það hvernig „ég“ er, er ég sjálf(ur). Ég ber ábyrgð á orðum mínum og gjörðum gagnvart öðru fólki og líka sjálfri/sjálfum mér.



Hvað í umhverfi þínu finnst þér hafa mest áhrif á þig?

Eins og við ræddum um í upphafi bókarinnar erum við ekki ein í veröldinni. Á hverju augnabliki fæðast ný börn í heiminn. Þessi börn hafa þarfir, vonir, þrár og drauma alveg eins og þú.

Við og veröldin okkar

Þegar við fæðumst höfum við líklega ekki mikinn skilning á sjálfum okkur og umhverfinu. Ungbörnin láta vita þegar þau vilja láta mata sig, skipta á sér eða eru þreytt en það er erfitt að sjá hvað þau hugsa umfram það. Smám saman lærum við samt að tjá okkur betur. Við gerum okkur líka betur grein fyrir umhverfinu og aðlögumst því. Vitund okkar vaknar og ævilangt þroskaferli hefst. Með tímanum skiljum við betur hverjar þarfir okkar, væntingar og vonir eru. Sumt er sérstakt fyrir okkur en annað er öllum manneskjum sameiginlegt. Við höfum öll sömu grunnþarfir sem þarf að uppfylla til að við getum náð fullum þroska og lifað mannsæmandi lífi. Grunnþarfir eru til dæmis næring, húsaskjól, öryggi og félagsleg samskipti.


Þó að hver mannvera sé einstök er fleira sem sameinar en sundurgreinir allar manneskjur heimsins. Um leið og mikilvægt er að virða það sem er sérstakt við hvern og einn er jafn mikilvægt að virða það sem sameinar okkur öll.

- ✱ Hvað finnst þér einstakt við sjálfa(n) þig?
Hvað áttu sameiginlegt með öðrum?



Af hverju þurfum við að læra um jafnrétti?

ÖLL DÝR ERU JÖFN
EN SUM DÝR ERU JAFNARI
EN ÖNNUR



Rithöfundurinn George Orwell skrifaði bók sem heitir *Animal Farm* eða *Dýrabær* á íslensku. Í bókinni segir frá atburðum á bóndabæ þar sem illa er farið með dýrin. Dýrin gera að lokum uppreisn og reka bóndann burt. Þau setja sér reglur sem eiga að tryggja að allir séu jafnir.

Svínið Napóleón tekur svo völdin og breytir reglum dýranna svo hann geti ráðið öllu sjálfur. Svínin sem fylgja honum verða forréttindastétt á bænum og fara að láta hin dýrin þræla fyrir sig. Reglan um að öll dýrin ættu að vera jöfn breyttist í: „Öll dýr eru jöfn. En sum dýr eru jafnari en önnur.“

Því miður er þetta einmitt svona víðs vegar í heiminum, líka á Íslandi. Mannréttindi eru ekki sjálfsgöð réttindi allra eins og þau ættu að vera. Sums staðar njóta konur og karlar ekki sömu réttinda, sums staðar eru réttindi barna fótum troðin, sums staðar njóta þeir sem búa við fötlun ekki sjálfsgöðra réttinda og sums staðar eru réttindi háð því hvort maður er ríkur eða fátækur. Jafnvel þótt ákveðnum réttindum hafi verið náð er ekki víst að þau haldist um alla framtíð sé þeirra ekki gætt.

Sú/sá sem þekkir rétt sinn og annara er betur í stakk búin(n) til að berjast fyrir því að sá réttur sé virtur.



Þekkir þú réttindi þín? Hvar getur þú fengið upplýsingar um réttindi þín?

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var festur í lög á Íslandi þann 20. febrúar 2013. Í

Barnasáttmálanum er fjallað um ýmis mikilvæg réttindi barna og með því að festa hann í lög lofa íslensk stjórnvöld að passa alltaf upp á þessi réttindi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna byggir á fjórum grundvallarreglum:

- 1. Bann við mismunun.** Þetta þýðir að öll börn eiga sama rétt óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, kynhneigð, tungumálakunnáttu, trú, skoðunum, fjölskylduhögum, fötlun eða hverju því öðru sem gæti greint eitt barn frá öðru.
- 2. Allar ákvarðanir stjórn- eða yfirvalda verða að taka mið af því sem er barninu fyrir bestu.**
- 3. Öll börn eiga rétt til lífs og þroska.**
- 4. Öll börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og að hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.**

Mikilvægt er að átta sig á muninum á réttindum og forréttindum. Réttindin sem börnum eru tryggð með sáttmálanum eru t.d. réttur til að eiga nafn og ríkisfang, réttur til menntunar og vernd gegn ofbeldi. Forréttindi eru hins vegar t.d. að eiga dýrar merkjavörur eftir nýjustu tísku, að fara á öll námskeið sem manni dettur í hug eða að fara í ferðalög til útlanda.

Það er líka mjög mikilvægt að skilja að með öllum réttindum fylgir skyldan til að virða sömu réttindi annarra. Til dæmis eiga börn rétt á vernd gegn ofbeldi en þurfa þá um leið að passa að beita ekki aðra ofbeldi, kannski með því að leggja í einelti. Að leggja í einelti er brot á Barnasáttmálanum. Það þarf að koma fram við aðra eins og maður vill láta koma fram við sig.



Hver er munurinn á réttindum og forréttindum?

Á næstu blaðsíðum bætum við nokkrum hugtökum í safnið okkar. Við þurfum þessi hugtök til að geta talað saman um samfélagið og jafnrétti.

Hvað er kyn?

Í upphafi meðgöngu þroskast öll fóstur eins. Á sjöttu viku meðgöngunnar byrja æxlunarærin að þroskast á mismunandi vegu eftir því hvert líffræðilegt kyn barnsins verður. Líffræðilegur munur á kynjunum felst í líkamsstarfsemi, líkamsbyggingu og líkamlegu atgervi.

Hugmyndir fólks um hlutverk og hegðun kynjanna eru kallaðar kyngervi. Kyngervi er félagslega mótað og breytilegt eftir því hvar og hvenær einstaklingurinn fæðist. Það þótti til dæmis karlmannlegt að vera í háhæluðum skóm við hirð Lúðvíks fjórtánda, sem var konungur í Frakklandi á 17. öld, en á okkar tíma þykir það kvenlegt. Það sem þykir kvenlegt eða karlmannlegt á einum stað í heiminum þykir það kannski ekki annars staðar. Í Skotlandi þykir til dæmis karlmannlegt að vera í pilsu en á Íslandi þætti það kvenlegt. Þessar hugmyndir eru hvorki réttar eða rangar heldur eru þær háðar samfélaginu sem þær spretta úr. Kyngervi er ekki líffræðilegt heldur félagslegt.

Kyngervi

Lýsir hugmyndum fólks um hlutverk og hegðun kvenna og karla í tilteknu samfélagi.

Kynhneigð

Segir til um það af hverjum við verðum ástfangin.

Kyn

Vísar til líffræðilegra einkenna karla og kvenna.

Kynhneigð er það sem stýrir því af hvaða kyni fólkið er sem við verðum ástfangin af. Kynhneigð er mismunandi eftir manneskjum. Sumir verða ástfangnir af fólki af gagnstæðu kyni (gagnkynhneigð), aðrir af fólki af sama kyni (samkynhneigð) og fyrir suma skiptir kynið ekki máli (t.d. tvíkynhneigð). Sumu fólki finnst það vera í röngum líkama og sumir vilja láta leiðrétt kyn sitt (transfólk). Það er hins vegar ekki endilega tengt kynhneigð fólksins.



Hvað dettur þér í hug sem þykir kvenlegt?
En karlmannlegt?

Hvað er eðli?

Hugmyndir um *eðlismun* á kynjunum hafa lengi lifað góðu lífi. Fyrir þúsundum ára héldu Forn-Grikkir að heiminum mætti skipta í tvo flokka: Í hið kvenlega og hið karlmannlega. Þeir þóttust sjá mynstur í veröldinni sem fólst í andstæðum þörum. Til dæmis: karl/kona, sál/líkami, menning/náttúra, skynsemi/tilfinningar, ljós/myrkur, gott/slæmt. Þetta er kallað *tvíhyggja*.

Forn-grísku samfélagi var stjórnað af fámennri stétt valdamikilla karla. Þeir völdu sér að sjálfsögðu þann helming listans sem þeim þótti lýsa æskilegustu eiginleikumum fyrir sig, eins og sál, menningu og skynsemi. Tvískiptingin var talin lýsa *eðli* heimsins og þar með karla og kvenna. Þetta þýðir að ef karl er í *eðli sínu* eitthvað eitt, þá er kona í *eðli sínu* andstæða þess. Þetta er svokölluð *eðlishyggja*.



Eðlishyggjan og tvíhyggjan eru oft notaðar til að réttlæta ákveðnar hefðir, venjur og hugmyndir um kynhlutverk. Þá er gjarnan sagt að einhverjir ákveðnir eiginleikar, hegðun, geta eða áhugasvið séu konum eða körlum *eðlislæg*. Dæmi um þetta er þegar talað er um að *umönnun* sé stelpum eðlislæg en að strákum sé eðlislægt að vera *virkir*. Eðlishyggjan hefur í gegnum tíðina verið notuð til að afsaka alls konar óréttlæti eins og til dæmis kynjamisrétti, þrælahald og stríð. Þá hefur því verið haldið fram að einhverjir eigi betra skilið en aðrir vegna þess að þeir séu betri í *eðli* sínu.

Forn-grískir spekingar settu fram margar áhugaverðar kenningar. Sumar þeirra hafa staðist tímans tönn en aðrar ekki. Regla Pýþagórasar er til dæmis notuð í stærðfræði enn í dag en hins vegar hefur jarðmiðjukenningin, um að jörðin sé miðja alheimsins, verið rækilega afsönnuð. Eðlis- og tvíhyggjukenningunum var trúað mjög lengi en nútíma rannsóknir sýna betur og betur fram á að þær eiga heima í flokknum með jarðmiðjukenningunni.



Hvaða eiginleika hefur þú heyrt talað um sem þykja sýna eðli stelpna eða stráka?

Hvað er félagsmótun?



Um miðja síðustu öld fóru ýmsir fræðimenn að efast um að hægt væri að tala um *eðli* karla og kvenna. Rannsóknir sýndu nefnilega að hugmyndir fólks um *eðli* karla og kvenna voru mjög mismunandi á milli staða í heiminum. Hugmyndirnar breyttust líka frá einum tíma til annars. Fræðimennirnir fóru þá að velta fyrir sér hvort það sem kallað var *eðli* væri í raun *hugmyndir* ólíkra samfélaga um hlutverk karla og kvenna. Eitthvað sem var svona breytilegt milli staða og tímabila hlaut að vera búið til af hverju

samfélagi fyrir sig. Það þýðir að í raun er ekki hægt að tala um eðli heldur eru hugmyndirnar *félagslega mótaðar*.

Staðalímynd er ákveðin skoðun eða hugmynd um hópa fólks, hvernig það er eða hagar sér.

Félagslega mótaðar hugmyndir um sérstaka eiginleika, hegðun, getu og áhugasvið kynjanna eru kallaðar *kyngervi*. Kyngervi er ekki meðfætt heldur lært. Mótun kyngervis byrjar um leið og við fæðumst. Skilaboð sem hafa mótandi áhrif dynja á okkur úr öllum áttum. Þau koma bæði úr nánasta umhverfi okkar og úr miðlum eins og sjónvarpi, útvarpi, blöðum og af netinu. Þau læðast líka upp að okkur á lúmskari hátt, í gegnum það sem fólk segir og jafnvel það sem er *ekki* sagt.

Hugmyndir um kyngervi verða smám saman hluti af því sem þykir sjálfsagt og eðlilegt. Þessar hugmyndir endurspeglast oft í staðalímyndum.



Hvaða dæmi getur þú nefnt um mótandi skilaboð í þínu umhverfi?

En lítum nánar á nokkur dæmi um félagsmótun nú á dögum og fyrr á öldum.

Sagan um bleikt og blátt

Stundum er því haldið fram að það sé í eðli stelpna að þykja bleikur litur flottastur en í eðli stráka að þykja blár litur flottastur. Ef svo ætti að vera hefði eðli barna þurft að snúast alveg á hvolf á miðri síðustu öld. Fram að þeim tíma voru skoðanir á litavali fyrir börnin ekki nærri eins fastmótaðar.

Í byrjun tuttugustu aldar birtust greinar í blöðum þar sem talað var um hvaða litur hentuðu börnum best. Í einu blaði stóð að bleikur litur hentaði strákum betur af því að hann væri svo kraftmikill en blár stelpum því hann væri svo fínlegur. Fleiri greinarhöfundar tóku undir þetta sama sjónarmið. Í öðru blaði var mælt með bláum lit fyrir bláeygð börn en bleikum fyrir brúneygð.

Eftir heimsstyrjöldina síðari tóku hins vegar fata- og leikfangaframleiðendur ástfóstri við þessa tvo liti og völdu bláan lit fyrir stráka og bleikan fyrir stelpur. Smám saman festist hefðin í sessi þangað til fólk fór að draga samasem-merki milli litavalsins og kyns barnanna.

Hugmyndir okkar í dag um stelpu- og strákaliti eru byggðar á afar snjöllu markaðssetningarbragði hjá framleiðslufyrirtækjum og verslunum. Skoðum dæmi:

Ungt par eignast sitt fyrsta barn. Það er stúlka.

Barnið fær bleik föt, bleik húsgögn og meira að segja bleikar bleyjur. Nokkrum árum síðar eignast unga parið annað barn. Í þetta sinn er það drengur. Ungu parið verður þá að kaupa allt upp á nýtt og í þetta sinn verður allt blátt.

Í stað þess að selja unga parinu föt og annan búnað fyrir barnið sem það gæti nýtt aftur þegar næsta barn kemur í heiminn, er hægt að selja þeim sams konar vörur tvisvar.




Hvaða áhrif heldur þú að svona tvískipt markaðssetning hafi haft t.d. á leikfangamarkaðinn?



Tvískiptur heimur

Tvíburunum Erlu og Ágústi var boðið sínu í hvort níu ára bekkjarafmælið. Mamma þeirra fylgdi þeim í leikfangabúðina og lét þau hvort fá sinn þúsundkallinn. Leikfangabúðinni var skipt í tvo hluta; bleikan og bláan. Í bleiku hillunum voru dúkkur af öllum stærðum og gerðum, leikfangamatur og -heimilistæki, bangsar og snyrtidót. Í bláu hillunum voru ofurhetjur, púsl, kubbar, bílar, allskyns sjóræningjar, drekar, kúrekar og risaeðlur.



Tvíburarnir stundu. Þau áttu engin sérstök stelpu- eða stráka-leikföng heima heldur áttu þau allt sitt dót saman og voru vön að leika sér með alls konar dót. Þeim þótti þessi skipting í búðinni leiðinleg og óréttlát. Það var eins og verið væri að segja þeim að sumt dót væri bara fyrir stelpur og annað fyrir stráka.




Hvað finnst þér um svona skiptingu í strákadót og stelpudót?

Hvernig heldur þú að þessi skipting gæti tengst hugmyndum um eðli kynjanna?

Hvaða hugmyndir hefur þú sem gætu breytt þessum tvískipta heimi?

Karlmannlegir háir hælur



Ef einhver grunar að háhælaðir skór hafi ekki verið fundnir upp til að ganga um í þeim – þá hefur sá hinn sami alveg rétt fyrir sér! Háhælaðir skór voru hreint ekki fundnir upp til þess og þeir voru heldur ekki ætlaðir konum sérstaklega. Persneski herinn hafði öldum saman verið þekktur fyrir stríðshesta sína og reiðmennsku. Háir hælur á skóm hermanna gerðu þeim kleift að standa upp í ístaðinu til að skjóta af bogum sínum.

Í lok 16. aldar sendi Abbas 1. konungur Persíu fulltrúa sína til hirða evrópskra konunga til að styrkja sambandið milli ríkjanna. Við það vaknaði mikill áhugi á persneskri menningu í Evrópu og fyrr en varði voru evrópskir aðalsmenn allir komnir í háhælaða skó. Háu hælarnir þóttu yfirmáta karlmannlegir og því finni sem hællinn var hærri. Skórnir voru sérlega óhentugir til að ganga á utandyra og þess vegna urðu þeir ennþá vinsælli. Aðalsmennirnir vildu gjarnan að það sæist á klæðaburði þeirra að þeir þyrftu ekki að vinna eða ganga langar vegalengdir.

Lúðvík fjórtándi varð sérstaklega hrifinn af háu hælunum. Hann var ekki hávaxinn og notaði því skóna til að hækka sig um nokkra sentímetra. Lúðvík vildi hafa alla sóla og hæla á skónum sínum rauðmálaða því rauður litur var mjög dýr og þótti karlmannlegur. Hann gaf meira að segja út tilskipun um að engir aðrir en aðalsmenn við hirð hans mættu nota rauða hæla.



Rauðir hælur Lúðvíks fimmtánda sem hélt í hefð fyrirrennarans Lúðvíks fjórtánda. Skórnir efst á síðunni eru úr málverki af Lúðvík fjórtánda.

Upp úr 1630 komst í tísku hjá konum að vera í karlmannlegum fötum og það var ekki fyrr en þá sem þær byrjuðu að nota háhælaða skó.

Skótískan var eftir það eins fyrir karla og konur alveg fram til loka aldarinnar. Hælarnir á kvenskónum urðu þá mjórri og hærri en lægri og breiðari á karlskónum. Um 1740 dattu háu hælarnir úr tísku hjá körlum og fimmtíu árum síðar hættu konur líka að nota þá. Það var ekki fyrr en um miðja 19. öldina sem háir hælur komust aftur í tísku og þá aðallega sem hluti af kventískunni.



Hvers vegna ætli háir hælur þyki kvenlegir í dag? Heldur þú að einhvern tíma komi að því að þeir þyki aftur karlmannlegir?




Barnaföt á fyrri öldum

Það hafði lengi tíðkast að vefja ungbörn þétt í reifar fyrstu mánuðina svo þau gátu lítið hreyft sig. Um miðja 18. öld fóru áhugamenn um barnaupveldi hins vegar að hvetja til þess að ungbörn fengju að vera í þægilegum fötum og hreyfa sig. Reifarnar

hurfu smám saman og börnin voru látin vera í þægilegum kjólum í staðinn. Foreldrarnir treystu því hins vegar ekki alveg að algjört frelsi væri gott fyrir börnin og sú venja að klæða börn í lífstykki ruddi sér til rúms meðal þeirra sem höfðu efni á slíku. Lífstykkinn áttu að vera góð fyrir bakið á börnunum og tryggja fallegan líkamsburð þegar þau yrðu eldri. Bæði stúlkur og drengir voru höfð í lífstykkjum jafnvel alveg frá fæðingu.



Við upphaf 18. aldar þótti við hæfi að klæða ung börn í föt sem samræmdust tísku fullorðinna kvenna. Bæði stúlkur og drengir voru látin vera í kjólum og lífstykkjum þangað til þau voru orðin um það bil fimm ára gömul. Þá fengu drengirnir fyrstu buxurnar sínar en stúlkurnar héldu áfram að vera í kjólum og lífstykkjum. Síðari hluta aldarinnar breyttist tískan og í stað smærri útgáfu af fullorðinsfötum voru börnin klædd í þægilegri hvíta bómullarkjóra. Þótt snið kjólanna breyttust með tískunni hélst þessi hefð svo til óbreytt fram til byrjunar tuttugustu aldar. Bæði drengir og stúlkur voru klædd í hvíta bómullarkjóra fyrstu tvö til þrjú æviár sín.



Efst: Sigrún Gestsdóttir með fyrstu börn sín og Stefáns Eiríkssonar. Tvíburarnir, stúlka og drengur, eru klæddir í eins kjóra. Myndin er frá 1899.

Miðja: Málverk af Lúðvík 15. ungunum sem var konungur Frakklands 1715–1774.

Myndin er máluð þegar hann er um tveggja ára.

Neðst: Lífstykki.



Þó að fólk héldi í gamla daga að lífstykki væru góð fyrir bakið hefur síðar komið í ljós að þau geta valdið töluverðum skaða. Þetta átti sérstaklega við um þétt reyrð lífstykki unglingsstúlkna og fullorðinna kvenna. Rifbein þeirra gátu skaddast, lungun skemmst og innri líffæri færst úr stað. Getur þú ímyndað þér hvernig hefur verið að ganga daglega í lífstykki? Gæti verið að einhver föt sem eru í tísku núna væru skaðleg heilsunni?

reifar: lengjur úr dúk eða líni sem ungbörn eru vafinn í

lífstykki: nærfatnaður með teinum reimaður fast að maga, mitti og mjöðmum

Staðalímyndir


Ímyndum okkur að við værum að búa til mynd og á henni ætluðum við að hafa fullt af fólki. Til að flýta fyrir okkur ákveðum við að búa til einn konustimpil og einn karlastimpil sem við getum svo notað aftur og aftur.

Við vitum auðvitað að það eru ekki allir eins í alvörunni en stundum getur okkur liðið eins og verið sé að máta okkur við einhvern svona stimpil. Ef krakkar á ákveðnum aldri eru í vondu skapi getur verið að einhver segi við þá að þeir séu „dæmigerðir unglingar“. Þá er verið að máta þau við unglिंगastimpilinn eða staðalímynd af unglingi.

Svona staðalímyndir getum við séð um allt í kringum okkur. Þær eru skilaboð um það hvernig er ætlast til að við séum og hegðum okkur. Eða réttara sagt skilaboð um það hvernig þeim sem bjó stimpilinn til þykir best að við séum og hegðum okkur.

Það getur verið erfitt að átta sig á því að verið sé að senda svona skilaboð en þau geta samt haft áhrif á það hvernig við hugsum og hvernig okkur líður þó að okkur finnst við ekki taka sérstaklega eftir þeim.

Staðalímyndir byggja oft á hugmyndum fólks um eðli kynjanna. Því oftast sem slíkar staðalímyndir birtast því rækilegar festast hugmyndirnar um eðli í sessi.



Hvaða staðalímynd þekkir þú sem tengist kynjunum? En aldri? Kynhneigð?

Geena Davis, frumkvöðull í rannsóknum á misrétti í afþreyingarefni

Árið 2004 var bandaríska leikkonan Geena Davis að horfa á barnaefni með litlu dóttur sinni og tók þá eftir því hversu fáar kvenkyns persónur voru í barnaefninu. Geena ákvað að láta rannsaka málið og þá kom í ljós að það var ekki nema ein kvenkyns persóna á móti hverjum þremur karlkyns í barnaefninu. Í hópatriðum voru kvenkyns persónur ekki nema 17% hópsins. Í raunveruleikanum er um helmingur mannkyns konur og helmingur karlar.

Geena Davis stofnaði samtök sem halda áfram að rannsaka hlutföll kynjanna í sjónvarpi, kvikmyndum og fleira afþreyingarefni. Með afþreyingarefni er átt við efni sem notað er sér til skemmtunar, s.s. sjónvarpsefni, kvikmyndir, tölvutækt efni, bækur og blöð. Samtökin rannsaka líka hvernig kvenkyns og karlkyns persónur eru látnar líta út, hegða sér og tjá sig.

Einhverjum finnst kannski skrýtið að til séu samtök sem rannsaka hlutföll og staðalímyndir kynjanna í afþreyingarefni. Það hefur hins vegar komið í ljós að í afþreyingarefni er sýnd mjög skökk mynd af heiminum. Þar er mikið af einhæfum staðalímyndum sem sýna mjög takmarkaða eiginleika.

Þar eru líka allt of fáar stelpur og konur, of fáir sem eru yngri en 20 og eldri en 50 ára, of fáir sem eru fátækir, of fáir sem hafa annan lítarhátt en hvítan og of fáir sem eru með einhverja fötlun. Svona skökk heimsmynd getur haft áhrif á það hvernig við skynjum okkur sjálf og aðra í raunveruleikanum.



Hvaða staðalímyndum hefur þú tekið eftir í barna- eða unglingsæfni?

Hvaða áhrif heldur þú að þær geti haft á þig?

Staðalímyndir í afþreyingarefni

Staðalímyndirnar sem birtast í afþreyingarefni fjölmiðlanna sýna mjög takmarkaða mynd af fólki. Þær geta haft neikvæð áhrif á sjálfsmýnd okkar, val á námi og starfi og takmarkað skilning okkar á öðru fólki. Við erum orðin svo vön staðalímyndum í miðlunum í kringum okkur að það er ekki víst að við áttum okkur á áhrifum þeirra á okkur. Þess vegna getur verið gagnlegt að reyna að setja á sig gagnrýnisgleraugu og vera meðvituð um staðalímyndirnar.

Árið 1985 bjó Alison Bechdel til einfalt próf til að athuga hlutverk kvenna í kvikmyndum. Prófið segir ekkert um það hvort kvikmyndin er góð eða slæm en það segir okkur samt eitt og annað um það hvernig kvenhlutverkin eru oft.

Prófið er eftirfarandi:

- 1) eru fleiri en tvær kvenpersónur í myndinni og heita þær eitthvað?
- 2) tala þær saman?
- 3) um eitthvað annað en karla/stráka?

Bechdel-prófið greinir ekki beint staðalímyndir en það er samt gagnlegt tæki til að byrja að greina efnið sem við höfum daglega fyrir augunum. Til að greina staðalímyndir í afþreyingarefni þurfum við fyrst að gera okkur grein fyrir því hverjar þær eru. Byrjum á að athuga hvort persónurnar séu flokkaðar niður í ákveðna hópa eftir t.d. kyni, útliti, hegðun eða uppruna. Eru öllum í hópnum eignaðir einhverjir ákveðnir sameiginlegir eiginleikar og alhæft um hvern einstakling út frá því? Dæmi um svoleiðis alhæfingar væri að segja að allar stelpur hefðu mestan áhuga á útlitinu, allir strákar ættu erfitt með að tjá sig, allir unglingar væru skapstyggi, engin börn gætu axlað ábyrgð, að samkynhneigðir strákar væru eins og stelpur og að samkynhneigðar stelpur væru eins og strákar.

Ef við stöldrum við og hugsum aðeins hljótum við að átta okkur á hversu fáránlega þetta hljómar. Því miður eru svona skilaboð lúmsk og lauma sér inn í gegnum undirmeðvitundina. Vegna staðalímynda er þess vegna hætt við að við alhæfum um eiginleika alvöru fólks og myndum okkur skoðun á því án þess að þekkja það. Svoleiðis alhæfingar heita fordómar og eru öllum skaðlegar.



Hvaða barna- eða unglíngamynd manst þú eftir sem myndi standast Bechdel-prófið?

Nú þegar ýmis gagnleg hugtök hafa verið kynnt til sögunnar hefjum við ferðina. Ferðalag okkar hefst hjá Zöhrú í Afganistan. Í Afganistan getur verið erfitt að komast í skóla en Zahra er ákveðin í að mennta sig. Hún lítur upp til frænku sinnar sem náði að ljúka háskólanámi þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Zahra

„Ég heiti Zahra og er frá Afganistan. Mig langar að verða blaðamaður svo ég geti skrifað um allt sem mér finnst mikilvægt. Það skiptir miklu máli að fá að tjá sig. Mig langar að skrifa um allt sem gerist í kringum okkur daglega og hvernig það breytir lífi okkar. Mig langar líka að ferðast um allan heiminn til að kynnast því hvernig lífið er hjá öðru fólki.



Frænka mín er hetjan mín og fyrirmynd vegna þess hvað hún er hugrökk og góð. Hún gat ekki gengið í skóla þegar hún var lítil því það voru engir skólar fyrir stelpur þar sem hún bjó. Þegar hún var yngri máttu konur helst ekki að fá að læra neitt.

Hún komst loksins í skóla þegar hún fluttist til borgarinnar 16 ára gömul. Eftir að hún útskrifast þaðan komst hún í háskóla til að læra læknisfræði. Að náminu loknu fór hún að aðstoða stúlkur og drengi við að komast í skóla. Hún hefur líka hjálpað mér mjög mikið og þess vegna langar mig að hjálpa fleirum.

Mér finnst mikilvægt að geta hjálpað öðrum. Þótt margt hafi breyst er ennþá mjög margt sem stelpum er bannað hérna. Það verður ekki auðvelt fyrir mig að ná markmiðum mínum og verða blaðamaður en ég veit að frænka mín mun hjálpa mér.“



Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið *hetja*? Þegar talað er um að einhver sé hetja er oftast átt við að hún eða hann hafi lagt eitthvað mikið á sig. Oft er það til að hjálpa öðrum en stundum hefur hetjan sjálf staðist erfiða raun. Til eru margs konar hetjur. Sumar hafa áhrif á samfélag sitt, aðrar á stóran hluta heimsins. Það eru líka til hetjur sem fáir vita af en eru heimsins mestu hetjur í augum sinna nánustu. Við þurfum líklega ekki að leita langt til að finna ótal hetjur og góðar fyrirmyndir, fólk sem við getum litið upp til og lært eitthvað jákvætt af. Á hvaða hátt getum við sjálf haft áhrif til góðs? Hvernig getur þú verið fyrirmynd annarra?

Hverfum nú aftur heim til Íslands rétt sem snöggvast.

Þóra Melsteð, frumkvöðull í menntun kvenna á Íslandi

Þótt okkur á Íslandi þyki kannski sjálfsagt mál að fá að ganga í skóla frá sex til sextán ára aldurs, er alls ekki langt síðan þessi réttindi fengust. Þau eru líka langt frá því að þykja sjálfsgöð alls staðar í heiminum. Baráttan fyrir jöfnum rétti allra barna til að stunda nám hefur verið mjög erfið og er alls ekki lokið.

Á mörgum stöðum í heiminum er miklu erfiðara fyrir stelpur að fá að stunda nám heldur en stráka. Í raun er alls ekki mjög langt síðan réttur stúlkna og kvenna til náms var viðurkenndur í þeim hluta heimsins þar sem þau þykja sjálfsgöð núna. Eins og til dæmis á Íslandi.



Þóra Melsteð var mikil baráttukona fyrir menntun kvenna hér á landi. Árið 1871 byrjaði hún, ásamt fleiri konum, að safna peningum til að geta stofnað kvennaskóla í Reykjavík. Sjálf safnaði Þóra stærstum hluta upphæðarinnar. Hún fór bæði til Skotlands og Danmerkur og fékk peninga í söfnunina hjá kennurum og kóngafólki þar.

Kvennaskólinn var settur í fyrsta sinn þann 1. október 1874 á heimili hjónanna Þóru og Páls Melsteð. Þóra var skólastjóri og Páll kenndi við skólann þangað til þau hættu að vinna vegna aldurs. Árið 1906 sæmdi danski konungurinn, Friðrik VIII, Þóru verðleikamedalíu úr gulli fyrir ævistarf hennar í þágu menntunar kvenna á Íslandi. Þetta var stærsti heiður sem nokkrum Íslendingi hafði hlotnast til þess tíma.



Þótt Þóru tækist að stofna skólann sinn var enn langt í að almennu jafnrétti til náms yrði náð. Getur þú fundið dæmi í nærumhverfi þínu um konur sem fengu ekki tækifæri til að mennta sig?

Á Íslandi er skólaskylda. Það þýðir að öllum börnum er skylt að sækja skóla og sveitarfélögum hér á landi ber skylda til að sjá öllum börnum innan sveitarfélagsins fyrir skólaplássi. Það eru sams konar reglur á mörgum stöðum í heiminum en stundum er erfitt að framfylgja þeim til dæmis vegna fátæktar og fjarlægðar milli skóla og heimilis.

Næst er ferðinni heitið til Síerra Leóne í Afríku. Þar er skólaskylda rétt eins og héraendis en erfitt að framfylgja henni vegna fátæktar og fjarlægða milli staða.



Ishmael

„Ég heiti Ishmael og bý í litlu þorpi í Síerra Leóne. Ég er ellefu ára og ætti að vera í skóla en mamma mín getur ekki leyft mér það eins og er þótt hún vilji það gjarnan. Hún hefur ekki efni á að borga einhverjum öðrum fyrir verkin sem ég og yngri systkini mín eigum að vinna, eins og að líta eftir hjörðinni og hjálpa til á ökrunum. Skólinn er líka svo rosalega langt í burtu.

Svo gæti mamma ekkert hjálpað okkur með heimavinnuna því hún kann ekki að lesa eða skrifa. Hún gat ekki heldur farið í skóla þegar hún var barn. Ég veit að mamma myndi vilja læra að lesa en hún hefur ekki tíma og það er enginn sem hefur tíma til að kenna henni það.

Mamma er samt að reyna að safna eins og hún getur til að við getum flutt burt úr þorpinu og komist til Freetown. Þar eru skólar sem við getum farið í og mamma ætlar að finna sér einhverja góða vinnu.“



Njóta öll börn og unglingar á Íslandi jafnréttis þegar kemur að skólagöngu og menntun?

Skoðaðu landakort og finndu heimaland Ishmaels.

Næst höldum við til Pakistans svo þú ættir að leita að því á kortinu líka.

Malala Yousafzai, baráttukona fyrir menntun stúlkna

Malala fæddist þann 12. júlí 1997 í Swat-dal í Pakistan. Fólkið í Swat-dal þurfti að þola átök og harðræði skæruliðahópa í mörg ár. Þessi átök hafa kostað ótal mannlíf. Pakistanski herinn hrakti skæruliðana burtu úr dalnum árið 2009. Skæruliðarnir hafa ítrekað reynt að ná dalnum aftur á sitt vald og hafa ráðist á fólk sem þeir telja vera andstæðinga sína.

Malala er í hópi þeirra sem skæruliðarnir telja andstæðinga sína. Malala byrjaði að berjast opinberlega fyrir rétti sínum og annarra stúlkna til að læra þegar hún var 11 ára gömul. Skæruliðarnir höfðu hins vegar bannað stúlknskóla og vildu ekki að konur fengju að mennta sig. Þeim þótti því baráttu Malölu vera ógnun við sig.



Þann 9. október 2012, þegar Malala var á leið heim úr skólanum í skólabílnum, réðust tveir vopnaðir menn inn í bílinn og skutu hana í höfuðið. Malala þurfti að gangast undir marga uppskurði, bæði í Pakistan og á Bretlandi. Hún náði sér að mestu en lamaðist að hluta í andliti.

Malala fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Bretlands því þau voru ekki örugg lengur í Swat-dalnum. Hún stofnaði sjóð til að styðja stúlkur til náms og ætlar að halda baráttu sinni áfram. Malala hefur fengið fjölda verðlauna fyrir baráttu sína og var tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels árið 2013.



Hvað finnst þér um sögu Malölu? Hvaða tilfinningar vöknudu?

Segja má að Malala sé jafnréttishetja.
Á næstu blaðsíðum er meðal annars sagt frá fleiri
jafnréttishetjum sem hafa barist fyrir
bættu samfélagi fyrir okkur öll.

Baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla

Baráttan fyrir jöfnum rétti kynjanna hefur verið löng og ströng og henni er hvergi nærri lokið. Femínismi er hugtak sem er oft notað yfir þessa jafnréttisbaráttu. Segja má að baráttan fyrir lýðræðislegum réttindum kvenna hafi byrjað í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar 1789. Hér á eftir er tímalína þar sem stiklað er á stóru um áfanga í alþjóðlegri jafnréttisbaráttu.

1791 Í kjölfar frönsku byltingarinnar gefur Olympe de Gouge út Kvenréttindayfirlýsinguna þar sem hún hvetur konur til að krefjast aukinna réttinda.

1792 Breski rithöfundurinn Mary Wollstonecraft Godwin gefur út bókina *Málsvörn fyrir rétti konunnar*.

1848 Baráttan fyrir rétti kvenna til að kjósa hefst í Bandaríkjunum í kjölfar ráðstefnu í Seneca Falls. Konurnar sem börðust fyrir kosningarétti kvenna í Bandaríkjunum og á Bretlandi voru kallaðar Súffragettur. Orðið suffrage, sem þær drógu heiti sitt af, þýðir réttur til að taka þátt í lýðræðislegum kosningum.

1867 Breska þinginu er afhent bænaskjal þar sem kosningaréttar kvenna er krafist.

1869 Breski heimspekingurinn John Stuart Mill gefur út bókina *Kúgun kvenna* þar sem jafnrétti kvenna og karla er krafist. Elizabeth Cady Stanton og Susan B. Anthony stofna bandarísk landssamtök kvenna sem kröfðust kosningaréttar.

1872 Grunnmenntunarskylda stúlkna til jafns við drengi er lögfest í Japan.

1880 Grunnmenntunarskylda (lestur, skrift og reikningur) stúlkna til jafns við drengi er lögfest á Íslandi.

1885 Baráttan fyrir kosningarétti og öðrum réttindum kvenna hefst á Íslandi með skrifum Valdimars Ásmundssonar og ræðum Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Páls Briem.

1893 Nýja Sjáland verður fyrst allra landa í heiminum til að veita konum kosningarétt.

1894 Hið íslenska kvenfélag er stofnað í Reykjavík með það að markmiði að auka þátttöku kvenna í opinberum málum og stuðla að jafnrétti

- kynjanna.
- 1895 Hið íslenska kvenfélag afhendir Alþingi áskorun um að veita konum kosningarétt.
- 1906 Finnskar konur fá kosningarétt.
- 1913 Norskar konur fá kosningarétt.
- 1915 Íslenskar konur, 40 ára og eldri, fá kosningarétt um leið og danskar konur.
- 1918 Kanadískar konur fá kosningarétt.
- 1920 Íslenskar konur eru nú loks komnar með sama kosningarétt og íslenskir karlar. Bandarískar konur fá kosningarétt. Sama ár fá konur í fyrsta sinn inngöngu í fullt nám í Oxfordháskóla í Bretlandi.
- 1932 Brasilískar og tælenskar konur fá kosningarétt.
- 1937 Konur fá kosningarétt á Filippseyjum.
- 1947 Réttindi kvenna eru tryggð í nýrri stjórnarskrá Japan.
- 1948 Konur fá kosningarétt í nýstofnuðu ríkjum Ísrael og Suður-Kóreu.
- 1949 Franski femínistinn Simone de Beauvoir gefur út bók um ójafna stöðu karla og kvenna sem heitir *Hitt kynið*. Bókin er ein af áhrifamestu bókum 20. aldar.
- 1954 Kólumbískar konur fá kosningarétt.
- 1961 Konur fá kosningarétt í Paragvæ.
- 1970 Marie Cox stofnar fyrstu kvennasamtök norður amerískra frumbyggja.
- 1971 Svissneskar konur fá kosningarétt.
- 1973 Jórdanskar konur fá kosningarétt.
- 1977 Nígerískar konur fá kosningarétt.
- 1980 Vigdís Finnbogadóttir er kjörin forseti Íslands. Hún er fyrsta konan sem er lýðræðislega kosin þjóðarleiðtogi.
- 2005 Konur fá kosningarétt í Kúveit.
- 2014 Enn eru til lönd í heiminum þar sem konur hafa ekki kosningarétt.



Reyndu að finna fleiri stiklur í baráttunni fyrir jöfnum rétti kynjanna.

Við bregðum okkur næst aftur heim til Íslands og fáum að heyra meira um baráttuna fyrir kynjajafnrétti hér.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, frumkvöðull í kynjajafnrétti á Íslandi



Bríet fæddist árið 1856 og var fyrsta barn hjónanna Bjarnhéðins og Kolfinnu. Bríet tók snemma eftir því hversu mikill munur var á uppeldi drengja og stúlkna og þótti það mjög óréttlátt. Það þótti til dæmis ekki við hæfi að stúlkur fengju að læra meira en að lesa og flestar þurftu að hætta námi við fermingu.

Bríet missti báða foreldra sína þegar hún var rúmlega tvítug og fór þá að vinna sem vinnukona hjá frænda sínum. Á heimilinu var mikið bókasafn sem Bríet gat nýtt sér til að mennta sig sjálf þegar hún var ekki að vinna.

Bríet komst loksins í skóla þegar hún var 24 ára gömul. Þá var hún einn vetur við nám í Kvennaskólanum á Laugalandi og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn. Bríet fór aldrei aftur í skóla en hélt alltaf áfram að mennta sig sjálf.

Bríet var fyrsta íslenska konan til að halda opinberan fyrirlestur en hann fjallaði um hagi og réttindi kvenna. Hún gaf út, ritstýrði og skrifaði efni í *Kvennablaðið* sem var gefið út í 25 ár frá 1895. Bríet var ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags og Kvenréttindafélags Íslands. Félögin börðust fyrir jafnrétti til náms og starfa, kosningarétti og kjörgengi kvenna. Hún var í hópi fyrstu kvenna til að sitja í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908. Bríet var sæmd riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1928, fyrir störf sín í þágu jafnréttis kynjanna.



Hvernig myndir þú mennta þig ef þú kæmist ekki í skóla?

Þótt margt hafi breyst frá því að Bríet hóf baráttu sína fyrir jöfnum rétti kynjanna er ennþá mikið verk fyrir höndum. Finnst þér vera munur á uppeldi drengja og stúlkna í dag?

Hugrenningar Víðis, Trausta og Odds um jafnrétti kynjanna



Víðir Guðmundsson er rennismiður, leikari og sjálfstætt starfandi listamaður. Víðir tók snemma eftir því að staða kynjanna væri ójöfn en leit ekki á það sem sitt vandamál. Augu hans opnuðust hins vegar þegar hann kynntist unnustu sinni, Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur. Hún var þá að skrifa bók um kynbundið ofbeldi á Íslandi og á meðan á skrifunum stóð ræddu þau mikið um stöðu kynjanna, staðreyndir og tölfræði um ýmislegt misrétti. Víðir skræði sig í kjölfarið á námskeið í kynjafræði í Háskóla Íslands. Í dag leggur hann sig fram um að hafa jafnrétti að leiðarljósi við vinnu sína. Hann tekur líka þátt í aðgerðum gegn kynjamisrétti og segir að það sé mikilvægt að þegja ekki þegar maður verður var við óréttlæti. Ráð Víðis til ykkar er: „Skoðið heiminn í kringum ykkur með kynjagleraugin á lofti, spyrjið alls kyns spurninga og veltið þessum málum fyrir ykkur.“



Trausti Dagsson er meistaranemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Hann fór fyrst að velta jafnréttismálunum fyrir sér þegar hann byrjaði í Háskólanum og fór að líta á hlutina frá nýju sjónarhorni. Trausta fannst hann sjá ákveðið mynstur í viðhorfi til karla og kvenna gegnum söguna og jafnvel enn þann dag í dag. Konum og körlum er skipt í tvo hópa og ólíkar kröfur gerðar til hvors hóps. Kröfurnar eru ekki bara ólíkar heldur líka óraunhæfar og óréttlátar. Þegar sonur Trausta fæddist, fannst þeim hjónunum mikilvægt að honum yrði ekki troðið í einhvern kassa út frá kyninu. Þau vilja að sonur þeirra fái rými til að ákveða sjálfur hver hann er og fari ekki að trúa úreltum hugmyndum um hvernig strákar og stelpur séu eða eigi að hegða sér. Ráð Trausta til ykkar er: „Töffarar og prinsessur eru úr sér gengin fyrirbæri. Ekki vera hrædd við að vera þið sjálf!“



Oddur Sigurjónsson er aðstoðarverkefnisstjóri á frístundaheimili. Oddur byrjaði fyrst að velta jafnréttismálum fyrir sér þegar hann byrjaði í háskóla. Hann byrjaði á því að kynna sér femínisma og fór svo hægt og rólega að einbeita sér meira að jafnréttismálum. Hann tók svo þátt í stjórnnum og ráðum Femínistafélags Háskóla Íslands og Femínistafélags Íslands. Oddi þykir mikilvægt að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og hefur meðal annars tekið þátt í að dreifa bæklingum um mikilvægi samþykkis í tengslum við kynlíf. Bæklingurinn var gerður í tengslum við myndina *Fáðu já*. Ráð Odds til ykkar er: „Kynnið ykkur hvað femínismi er með opnu hugarfari. Kynnið ykkur líka hvað samþykki og mörk eru.“



Af hverju heldur þú að jafnrétti kynjanna komi sér vel fyrir karla jafnt sem konur?

Sigríður María Egilsdóttir, baráttukona fyrir jöfnum rétti kynjanna

Sigríður María Egilsdóttir fæddist í Reykjavík þann 1. nóvember 1993. Hún fór snemma að velta jafnréttismálum fyrir sér og tók fljótt eftir því að samnemendur hennar í skólanum virtust hafa mjög brenglaða mynd af hugtakinu femínismi. Hinir nemendurnir vissu jafnvel ekki einu sinni hvað femínismi er. Hún fann líka fyrir ýmsu í umhverfinu sem benti til þess að strákar og stelpur stæðu ekki jafnfætis í lífinu. Þetta varð til þess að hún ákvað að láta til sín taka á sviði jafnréttismála. Sigríður María var félagi í Femínistafélagi Verzlunarskóla Íslands en hún útskrifaðist úr skólanum sem stúdent vorið 2013.

Sigríður María er mikill ræðusnillingur og hefur keppt í ræðukeppnum á borð við MORFÍS og ræðukeppni enskumælskufélagsins, ESU. Hún hefur unnið til verðlauna



fyrir ræðumennsku og varð fyrsta stelpan til að vera valin ræðumaður Íslands síðan árið 1999. Þegar Sigríður María fær að velja sér umræðuefni sjálf heldur hún gjarnan ræður um jafnréttismál. Hún fjallaði einmitt um jafnrétti kynjanna í ræðu sem hún hélt á alþjóðlegu ráðstefnuröðinni TED X í Reykjavík árið 2013.

Sigríður María hefur augun opin, beitir gagnrýninni hugsun og er tilbúin til að berjast fyrir jafnrétti þegar hún tekur eftir óréttlæti. Ráð hennar til ykkar er: „Maður kemst ekki í gegnum lífið án þess að mæta hindrunum en ef maður ætlar að ná árangri þá verður maður að mæta þeim af óbilandi krafti. Kynjamisrétti er staðreynd í okkar samfélagi og ungt fólk á ekki að leyfa því að standa í vegi fyrir sínum markmiðum.“



Hvaða dæmi um kynjamisrétti á Íslandi þekkir þú?

Hvers vegna er mikilvægt að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu vinnu?

Er hægt að segja að til séu sérstök kvennastörf eða karlastörf?

Hvers vegna, hvers vegna ekki?

Vegna þess að ég er stelpa ...

Í afskekktu þorpi ...

... í fátæku landi

... fæðist ég.

Mamma mín er fimmtán ára gömul svo ég er heppin að við lifðum báðar af ...

... barneignir verða mörgum ungum mæðrum að bana.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin ef ég held lífi.

Um 100 milljón stúlubörn hafa horfið vegna þess að foreldrar þeirra hefðu kosið að eignast strák.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin ef ég fæ nógan mat.

Það er líklegra að stelpur þjáist af vannæringu, vegna þess að foreldrarnir gefa strákum oft að borða á undan og maturinn er af skornum skammti.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin ef ég fæ a..mennta mig.

Í fátækum löndum eru stelpur í meirihluta þeirra sem ekki njóta menntunnar.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin ef ég held heilsu.

Í Afríku sunnan Sahara eru unglingsstelpur tveir þriðju hlutar allra HIV- og alnæmissmitaðra.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin ef ég ver...ekki neydd til a...giftast á barnsaldri.

Á hverjum degi giftast 70.000 barnungar stelpur.

Vegna þess að ég er stelpa ...

...er ég heppin a..eignast ekki barn á me.an ég er sjálf ennþá barn

...og hefja þannig sömu hringrásina aftur upp á n.t.t.

En þar sem ég bý er ekki nógu mikið af heppni fyrir alla.

(Plan International, Because I am a Girl)

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, baráttukona fyrir mannréttindum fatlaðs fólks

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir fæddist í Reykjavík þann 12. ágúst 1990. Hún fæddist með hreyfihömlun og hefur alla ævi sína upplifað fordóma vegna þessa. Foreldrar hennar lögðu þó alltaf mikla áherslu á að hún ætti sömu möguleika og tækifæri og aðrir. Embla var ekki nema fjögurra ára gömul þegar hún byrjaði að gagnrýna ýmis viðhorf í samfélaginu gagnvart fötluðu fólki. Þegar hún var sautján ára gömul fór hún að vinna að jafnréttismálum með því að halda fyrirlestra og skrifa greinar.



Emblu fannst að hún þyrfti að gera eitthvað í málinu því hún hefur ekki aðeins upplifað fordóma vegna hreyfihömlunarinnar heldur líka vegna þess að hún er kona og samkynhneigð. Hún byrjaði á því að deila reynslu sinni af fordómum samfélagsins í garð fatlaðs fólks í gegnum greinar, blogg og fyrirlestra. Í framhaldi af því fékk hún áhuga á réttindabaráttu fleiri hópa og fór að taka þátt í starfi og viðburðum tengdum því. Hún hefur ferðast víða um heim til að sækja námskeið og ráðstefnur og halda fyrirlestra um jafnréttismál. Embla er stjórnarformaður hjá NPA miðstöðinni og vinnur þar að

baráttunni fyrir því að mannréttindi fatlaðs fólks séu virt.

Eitt af því sem Emblu þykir mikilvægt í jafnréttisbaráttunni er að ræða um jafnrétti við eins marga og hún getur og taka opinbera afstöðu með jafnrétti. Hún segir að það séu til margar leiðir til að hafa áhrif til góðs. Það skiptir máli að vera samkvæmur sjálfum sér, láta ekki vaða yfir sig, virða réttindi ólíkra hópa samfélagsins og vera góð fyrirmynd. Ráð hennar til ykkar er: „Mig langar til að hvetja ungt fólk á Íslandi til þess að láta í sér heyra og hafa áhrif á samfélagið. Þið eruð fólk með sem mun taka við að stjórna landinu. Þið hafið svo ótrúlega mikið að segja og getið haft mikil áhrif á samfélagið!“



Hvað gætir þú gert til að láta rödd þína heyrast?

Skaðlegir fordómar

Í Senegal býr tíu ára gömul stelpa sem heitir **Gisele**. Gisele fer hvorki í skóla né út að leika sér við önnur börn. Hún er lömuð frá mitti niður að tám og hefur verið það frá fæðingu. Í þorpinu hennar er talað um að fötlun sé „bölvun guðs“ og að börn eins og Gisele séu byrði á fjölskyldu sinni. Foreldrar Gisele hafa reynt að halda henni sem mest heima við til að vernda hana fyrir öðru fólki. Þau eru sífellt hrædd um hana og hafa ekki aðgang að neinni aðstoð fyrir hana.

Guðmundur er níu ára og á heima á Íslandi. Hann er heyrnarlaus. Hann gengur í skóla og foreldrar hans leggja mikla áherslu á að hann hafi sömu möguleika og öll önnur börn á Íslandi. Þrátt fyrir að Guðmundi gangi vel í skóla og eigi foreldra sem þykir vænt um hann þarf hann að kljást við fordóma annarra í kringum sig. Á næstum hverjum degi eltir hópur af eldri krökkum Guðmund heim úr skólanum. Stundum ýta þau honum, stundum stela þau húfunni hans og stundum lemja þau hann.

Laurent er átta ára og býr í Gíneu. Hann er blindur og fær þess vegna ekki að fara í skóla. Foreldrar hans halda að hann geti ekki lært neitt af því að hann sér ekki. Systkini hans fylgja honum þess í stað niður í miðbæ og skilja hann þar eftir til að betla. Þar er honum strítt og oft er ráðist á hann. Stundum er peningunum sem hann hefur fengið rænt af honum. Foreldrar hans eru fátækir og telja sig ekki eiga annarra kosta vöð en að senda Laurent út að betla. Þau kvíða framtíð hans og halda að hann geti ekki orðið annað en betlari.

Það er til fordómafullt fólk alls staðar í heiminum og því miður leggjast sumir svo lágt að ráðast á annað fólk bara af því að það sker sig á einhvern hátt úr hópnum. Ef maður verður fyrir slíku eða verður vitni að því, er mikilvægt að láta einhvern fullorðinn vita svo hægt sé að stöðva það. Fræðsla er líka mikilvægt vopn í baráttunni gegn fordómum.

fordómar: fyrir fram gefnar hugmyndir um fólk eða hópa fólks sem oft eru notaðar til að réttlæta mismunun




Skóðu 19. grein Barnasáttmálans og taktu eftir hvernig hún tengist þessum sögum. Hvernig tengist einelti 19. greininni?

Hvern myndir þú láta vita um einelti eða annað ofbeldi?

Við bregðum okkur næst í heimsókn til Rússlands.

Andrei

„Ég heiti Andrei og er 16 ára. Ég er frá Rússlandi. Ég stefni að því að verða læknir og þess vegna geri ég allt sem ég get til að fá góðar einkunnir í skólanum. Það þarf nefnilega að vera með mjög háar einkunnir til að komast í læknánám. Ég var ekki með nógu háar einkunnir í fyrra því ég átti erfitt með að einbeita mér að náminu. Í fyrra varð ég nefnilega ástfanginn í fyrsta sinn; af öðrum strák. Vandamálið var ekki að verða ástfanginn heldur að takast á við það að vera samkynhneigður.



Í Rússlandi er ólöglegt að tjá sig opinberlega um samkynhneigð. Það væri alveg eins hægt að láta vera ólöglegt að vera bláeygður, eða með fjórar tær á hægra fæti! Ef ég gæti hætt að vera samkynhneigður myndi ég gera það strax því það er ekki bara ólöglegt heldur lífshættulegt hér. En svona er ég bara. Þetta er hluti af mér, alveg eins og bláu augun mín eða sú staðreynd að ég er rússneskur.

Ég hef heyrt sögur af því hvernig hópar nýnasista hafa misþyrmt og jafnvel myrt ungt hinsegin fólk. Ég sé svona hópa út um allt. Þeir eru auðþekkjalegir og eru ekkert að fela skoðanir sínar. Lögreglan gerir ekkert til að stöðva þá og mætir ekki einu sinni á staðinn þegar hringt er í hana ef ráðist er á hinsegin fólk. Ég hef líka heyrt sögur af krökkum sem hafa verið kærð af foreldrum sínum þegar þau reyndu að segja þeim frá kynhneigð sinni. Þótt ég efist um að mínir foreldrar myndu bregðast þannig við þori ég samt ekki að segja neitt.

Eina lausnin sem ég sé fyrir mig er að klára skólann, verða læknir og líklega neyðist ég svo til að flytja svo burt frá Rússlandi.“



Hvaða fleiri lausnir sérðu fyrir Andrei?

Hver er staða jafnréttismála meðal hinsegin fólks á Íslandi?

Víða í heiminum eru miklir fordómar gagnvart öðru vísi kynhneigð en gagnkynhneigð. Sums staðar er ólöglegt að sýna aðra hneigð en gagnkynhneigð og getur jafnvel verið lífshættulegt. Á Íslandi er það sem betur fer ekki þannig en samt eru fordómar gagnvart kynhneigð fólks hér eins og annars staðar. Það getur verið erfitt að takast á við fordóma annarra og jafnvel eigin fordóma. Þá er gott að geta leitað til einhvers sem getur veitt manni bæði skilning og stuðning. Það gætu verið foreldrar, systkini, vinir eða jafnvel samtök sem vinna að réttindamálum hinsegin fólks eins og Samtökin '78.

Ungliðahópur Samtakanna '78

Samtökin '78 eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks á Íslandi. Innan Samtakanna starfar ungliðahreyfing sem er ætluð hinsegin ungmönnum á aldrinum 14 til 20 ára.

Ungliðahreyfingin tekur vel á móti öðru ungu fólki og veitir því stuðning við það áttak sem fylgir því að átta sig á kynhneigð sinni. Sumum þykir erfitt að segja foreldrum sínum og fjölskyldu frá því þeir séu hinsegin. Sumir kvíða því hvernig vinahópurinn tekur fréttunum. Þess vegna getur verið gott að hitta aðra í sömu sporum til að ræða þetta allt og láta sér líða vel í þessum nýju aðstæðum. Einstaklingurinn sem ákveður að koma út úr skápnum þarf að fá að átta sig á hvað felst í því að lifa sem hinsegin einstaklingur. Þá getur verið gott að geta leitað til einhvers eins og ungliðahópsins.

Fyrir aðstandendur, fjölskyldu og vini, er mikilvægt að muna að einstaklingur sem er að koma út úr skápnum er ennþá sama manneskjan og á skilið sömu virðingu og væntumþykju og áður. Það er þó engin skylda að opinbera kynhneigð sína og hverjum í sjálfsvald sett hvort hann eða hún gerir það.



Við hvern myndir þú tala um kynhneigð þína?

Hvers vegna heldur þú að hinsegin fólk verði fyrir fordómum?

Hvernig er hægt að draga úr fordómum gagnvart kynhneigð fólks?

Það kostaði mikil átök en líka þrautseigju og þolinmæði að sigrast á aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Þar fór jafnréttishetjan Nelson Rolihlahla Mandela fremstur í flokki.

Nelson Rolihlahla Mandela, baráttumaður gegn kynþáttafordómum

Nelson Mandela fæddist 18. júlí 1918 í Suður-Afríku. Foreldrar hans gáfu honum nafnið Rolihlahla en nafnið Nelson fékk hann hjá kennara sínum í grunnskólanum. Í skólanum þurftu börnin nefnilega að vera með ensk nöfn.



Árið 1941 flutti Nelson Mandela til Jóhannesborgar. Hann fékk vinnu á lögfræðistofu og byrjaði að læra lögfræði í háskóla. Hann varð líka áhugasamur um stjórn mála og gekk í Afríska þjóðarráðið (ANC). Á þessum tíma var aðskilnaður hvíttra og svartra bundinn í lög í Suður-Afríku. Hvítir voru forréttindastétt og nutu mikilla forréttinda á kostnað svörtu íbúanna. Svartir áttu á hættu að vera teknir fastir fyrir það eitt að drekka úr brunni, ganga um dyr eða setjast inn í strætisvagn merktan „aðeins fyrir hvíta“. Afríska þjóðarráðið barðist meðal annars gegn þessum aðskilnaði.

Árið 1963 var Nelson Mandela tekinn fastur og dæmdur í lífstíðar fangelsi fyrir að hvetja fólk til verkfallsaðgerða og að yfirgefa landið án leyfis. Þann 11. febrúar 1990 var Nelson Mandela loks sleppt úr fangelsinu. Ári síðar varð hann leiðtogi Afríska þjóðarráðsins og leiddi viðræður um afnám aðskilnaðarstefnunnar við forseta Suður-Afríku, Frederik Willem de Klerk. Þeir hlutu sameiginlega Friðarverðlaun Nóbels árið 1993.

Nelson Mandela var kosinn forseti Suður-Afríku árið 1994 og var fyrsti svartmaðurinn í því embætti. Hann fór svo á eftirlaun árið 1999. Nelson Mandela trúði alla tíð á kraft menntunar, lýðræðis og jafnréttis og hafði þá sannfæringu sína að leiðarljósi í baráttunni gegn kynþáttafordómum og óréttlæti.




Nelson Mandela hafði trú á krafti menntunar, lýðræðis og jafnréttis. Hvaða fleiri einstaklingar sem fjallað er um í þessari bók deila þessum hugsjónum hans? Ert þú sammála þeim? Hvers vegna, hvers vegna ekki?

Þótt Mandela tækist að afnema aðskilnaðar-
stefnuna í Suður-Afríku hurfu fordómarnir því miður
ekki um leið. Kynþáttafordómar leynast víða enn,
ekki bara í Suður-Afríku heldur um allan heim.
Hér er saga Önnu og Ahmed en þau búa í Svíþjóð.

Anna og Ahmed

„Ég heiti Anna og bý í hverfi í Stokkhólmi þar sem flestir íbúanna eru innflytjendur frá öðrum löndum. Margir bestu vina minna og bekkjarsystkini eru af afrískum eða arabískum uppruna.

Ég er ástfangin af bekkjarbróður mínum, Ahmed. Hann flutti í hverfið í sumar og ég féll fyrir honum strax í fyrsta skipti sem ég sá hann. Hann er með falleg dökkbrún augu, svart hár, dökka húð og bara ótrúlega fallegur. Við urðum fljótt góðir vinir og leið vel saman. Hann skilur mig svo vel og við berum virðingu hvort fyrir öðru. Þegar mér líður illa heima hjá mér, þegar stjúppabbi minn er leiðinlegur við mig eða mamma mín skilur mig ekki, er Ahmed alltaf til staðar fyrir mig og huggar mig.



Ég sagði mömmu minni frá Ahmed um daginn. Ég sagði henni að við værum ástfangin hvort af öðru. Mér fannst ekkert auðvelt að trúna henni fyrir þessu og bjóst við að hún myndi skilja mig og styðja mig en í staðinn varð hún bara reið. „Þú hefur ekki hugmynd um hvað þú ert að koma þér út í,“ sagði hún. „Þú veist ekki hvernig þetta fólk er!“ Svo sagði hún mér sögu af konu sem einhver vinkona hennar þekkti. Konan hafði gifst múslíma og hann umturnaðist eftir brúðkaupið. Konan mátti ekki lengur vinna utan heimilisins og hún var orðin hrædd við manninn.

Allan þann tíma sem ég hef þekkt og umgengist Ahmed og fjölskylduna hans hafa þau virst ósköp eðlileg. Mamma Ahmed vinnur úti og pabbi Ahmed er alltaf mjög indæll við okkur. Hann er algjör andstæða stjúppabba míns. Mér finnst sorglegt að mamma mín skuli bara vilja heyra ljótar sögur en taki ekki eftir öllum fallegu samskiptunum milli fólks af ólíkum uppruna beint fyrir framan nefið á sér.“




Sagan sem mamma Önnu sagði henni er svokölluð flökkusaga.

Flökkusögur byrja gjarnan á svipaðan hátt, til dæmis á: „Vinur minn þekkir mann sem ...“ og svo fylgir sagan á eftir. Flökkusögur ala oft á hræðslu og fordómum. Þær hafa löngum fylgt mannkyninu en útbreiðsla þeirra hefur aldrei verið hraðari en með nútíma tækni. Hvaða flökkusagna þekkir þú til? Hvernig heldur þú að flökkusögur geti ýtt undir fordóma?

Á öldum áður stunduðu margar Evrópuþjóðir það að leggja heilu löndin undir sig, jafnvel heilu heimsálfurnar, án nokkurs tillits til fólksins sem bjó þar áður. Þetta er kallað nýlendustefna.

Mohandas Karamchand „Mahatma“ Gandhi, baráttumaður gegn nýlendustefnu



Nafn Mahatma Gandhi er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar talað er um friðsamlegt andóf. Friðsamlegt andóf eru mótmæli þar sem ofbeldi er ekki beitt, jafnvel ekki þegar mótmælendur eru sjálfir beittir ofbeldi. Gandhi fæddist 2. október 1869 á Indlandi. Indland var þá nýlenda undir stjórn breska konungsveldisins. Þegar Gandhi var 13 ára gamall var hann látinn giftast jafnöldru sinni, Kasturbai og voru þau gift þangað til Kasturbai lést árið 1944.

Gandhi lærði lögfræði í háskóla í London. Eftir námið fór hann að vinna sem lögfræðingur í Suður-Afríku. Þar bjuggu margir fleiri indverskir innflytjendur. Indversku innflytjendurnir urðu fyrir miklum kynþáttafordómum í Suður-Afríku. Mahatma Gandhi varð vitni að miklu óréttlæti og varð líka fyrir því sjálfur. Einu sinni var hann hrakinn með ofbeldi úr sæti sínu í lest vegna þess að lestarvörðurinn ætlaði að rýma fyrir hvítum farþega. Mahatma Gandhi byrjaði að berjast gegn óréttlæti með lögfræðina að vopni.

Gandhi sneri aftur til Indlands árið 1915 og stofnaði samtök sem börðust friðsamlega gegn nýlendustefnunni. Gandhi trúði því að friðsamlegt andóf hefði meiri áhrifamátt en ofbeldi og væri alls ekki merki um vanmátt eða uppgjöf. Ofbeldið missti mátt sinn gagnvart þeim sem neituðu að taka þátt í því. Þótt Gandhi beitti aldrei ofbeldi við mótmælin var hann oft fangelsaður. Bretar viðurkenndu loks sjálfstæði Indlands árið 1942 en það var ekki síst vegna friðsamlegrar baráttu Gandhi.



Ísland var undir stjórn Dana til ársins 1944. Hvað veist þú um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga? Hvað var Bríet Bjarnhéðinsdóttir gömul þegar Mahatma Gandhi fæddist? Hvað var Gandhi gamall þegar Þóra Melsteð opnaði Kvennaskólann í Reykjavík?

Bandaríkin voru eitt sinn nýlenda. Landið var tekið af fólki sem hafði búið þar lengi áður en Evrópumenn töldu sig hafa fundið Ameríku. Heilar þjóðir og þjóðflokkar voru myrtir eða hraktir í burtu eftir því sem nýlendubúarnir urðu plássfrekari.

Ellen

„Ég heiti Ellen og ég er af Oglala Sioux þjóðflokknum. Ég á heima á Pine Ridge verndarsvæðinu fyrir frumbyggja Norður-Ameríku í Suður-Dakóta. Margir frumbyggjar búa á svona verndarsvæðum vegna fordóma og misréttis sem við verðum fyrir í samfélaginu. Ég, systir mín, mamma mín, pabbi, amma, móðursystir mín og þrjú börn hennar, önnur móðursystir mín, móðurbróðir minn, konan hans og fjögur börn búum öll saman í litlu, bláu timburhúsi. Húsið okkar lekur svolítið og við erum ekki með hitakerfi svo það verður mjög kalt hjá okkur á veturna. Húsið okkar er samt nokkuð gott miðað við sum hinna húsanna. Sumt fólkið hér býr í gömlum hjólhýsum, ónýtum bílum eða tjöldum.



Ég vakna klukkan hálf sex á morgnana til að geta náð skólabílnum klukkan sex. Skólinn minn heitir Wounded Knee District School. Mér finnst gaman í skólanum og skemmtilegt að læra um sögu þjóðflokksins míns þó að reyndar sé margt mjög sorglegt í henni. Til dæmis er skólinn minn kenndur við stað þar sem stór hluti þjóðflokksins var myrtur af bandarískum hermönnum fyrir rúmum hundrað árum. Það sem er skemmtilegt að læra um er að við eigum fallegar hefðir og menningu sem við höldum lifandi til dæmis gegnum söng, dans og sögur.“




Hvaða staðalímyndir hefur þú séð af frumbyggjum Norður-Ameríku?

Stundum neyðist fólk til að leggja á flóttu frá heimalandi sínu. Þá upphefst erfitt og oft hættulegt ferðalag í leit að nýjum heimkynnum, annaðhvort tímabundnum eða til frambúðar.

Á flóttu til Íslands

„Ég man ennþá eftir því þegar pabbi minn ákvað að við ættum að flytja til lands sem hann kallaði heimaland sitt. Ég hafði ekki hugmynd um hvernig lífið yrði þar því ég hafði alltaf búið á Íslandi. Mér fannst skrytið í fyrstu að allt fólkið talaði sama tungumál og foreldrar mínir. Konurnar voru líka í allt öðruvísi fötum en ég var vön. Samskipti milli karla og kvenna voru heldur ekki eins og ég þekkti á Íslandi. Ég vandist þessu nýja umhverfi smám saman; byrjaði í skóla og eignaðist nýja vini. Svo allt í einu byrjaði stríð og við þurftum að flýja aftur til Íslands.



Þó að ég hefði átt heima á Íslandi þegar ég var lítil, fannst mér erfitt að venjast því aftur. Ég var búin að gleyma tungumálinu svo ég gat fyrst ekkert talað við Íslendingana. Ég er heldur ekki lengur eins og ég var þegar við bjuggum fyrst á Íslandi. Dvölin í heimalandi foreldra minna breytti mér mikið og ég var orðin óvön lífinu á Íslandi. Mér finnst ég ekki passa alveg inn í hópinn; ég er ekki hvít og er mikið spurð út í trú mína. Ég vildi að ég gæti svarað öllum þessum spurningum um íslam en mér finnst þetta stundum óþægilegt. Mig langar að geta stundað trúna eins og foreldrar mínir kenndu mér en ég er samt ánægð með að fá frelsi til að ákveða það sjálf. Mér finnst líka gott að mamma ætla að leyfa mér að ákveða hvort ég verð með *hejab*.



Hvernig heldur þú að best sé að taka á móti flóttafólki svo því líði vel í nýja landinu?

Hejab eða hijab: slæða sem hylur höfuð og bringu.

Það getur verið erfitt að taka ákvörðun um hvort
betra er að flýja eða vera um kyrrt.

Elias

„Ég var 13 ára þegar stríðið skall á í Afganistan. Mamma mín, ég og litla systir mín bjuggum hjá ömmu minni, frænku og frænda af því að pabbi minn hafði farið á undan okkur yfir landamærin til að hefja nýtt líf. Við áttum að koma til hans þegar hann væri kominn með vinnu. Þorpið okkar var afskekkt og við höfðum verið látin í friði framan af stríðinu. Frændi minn fylgdist vel með fréttunum og hafði miklar áhyggjur. Einn daginn þegar hann kom heim neðan úr þorpinu sagði hann að við þyrftum að koma okkur í burtu, upp í fjöllin. Mamma mín og frænka urðu áhyggjufullar en byrjuðu að taka saman hlý föt og annað sem við þyrftum að hafa með okkur.

Við litla systir mín vorum send út til að smala hjörðinni upp í fjöllin. Á meðan ætlaði frændi minn að sækja eitthvað af uppskerunni og fódra skepnurnar sem við myndum þurfa að skilja eftir. Seinna um daginn, þegar við systir mín komum aftur til baka, sáum við að það var eitthvað að heima. Öll hlið og allar hurðir stóðu opnar og það var búið að brjóta og bramla allt inni. Mamma mín og frænka stóðu grátandi inni í eldhúsinu. Vopnaðir menn höfðu farið um þorpið og tekið alla karlmenn sem þeir fundu í burtu með sér. Við fengum engar fréttir í þrjá daga.

Svo var okkur sagt að mennirnir hefðu allir dáið. Hver einasta fjölskylda í þorpinu hafði misst ástvin. Eftir jarðafarirnar flúðu allir sem gátu og þorpið var nánast tomt. Eftir jarðarför frænda míns sagði amma við mig: „Elías, sonur minn, nú ert þú orðinn höfuð fjölskyldunnar.“ En ég var ekki tilbúinn til að sjá um stóra fjölskyldu, fjölda dýra og stóran akur. Mikið vona ég að pabbi sendi bráðum eftir okkur öllum.“



Þér finnst líklega að Elias hafi þurft að axla mikla ábyrgð miðað við aldur.
Hvað heldur þú að gæti valdið því að hann er látinn axla þessa ábyrgð?



Oftast eru fyrsti viðkomustaður flóttafólks svo kallaðar flóttamannabúðir. Sumir komast þaðan til annarra áfangastaða en margir þurfa að dveljast þar mjög lengi, jafnvel alla ævi.

Ajmal

„Ég var í rútu á leiðinni í heimsókn til systur minnar þegar lögreglan stöðvaði bílinn. Ég vissi ekki hvernig ég átti að bregðast við þegar lögreglumaðurinn kom til mín og bað mig um að sýna skilríkin. Ég opnaði bara töskuna mína og þóttist leita í henni þangað til þeir sögðu mér að fylgja sér út úr rúttunni og yfir í aðra. Ég spurði hvert væri verið að fara með mig en lögreglumaðurinn sagði bara að það myndi koma í ljós þegar ég væri komin þangað. Þegar ég kom í hina rúttuna var hún full af fólki. Ég spurði eldri konu hvert væri verið að fara með okkur. „Hvert heldurðu, barn?“ sagði hún. „Auðvitað í flóttamannabúðirnar. Og svo úr landi.“

Ég varð dauðhrædd því ég vissi ekki hvernig ég ætti að ná sambandi við fjölskylduna mína. Þau myndu ekkert vita hvað hefði orðið af mér. Flóttamannabúðirnar voru langt fyrir utan borgina. Starfsmaður þar fylgdi mér í tjald þar sem voru bara krakkar á aldrinum átta til fimmtán ára. Einn þeirra, strákur sem hét Ajmal, sagði mér að ekkert þeirra væri í fylgd með foreldrum sínum.

Ajmal var níu ára. Foreldrar hans höfðu notað alla peningana sína til að senda hann úr landi þegar stríðið versnaði í borginni þar sem þau bjuggu. Þau höfðu ekki efni á að fara með honum. Hann átti að fara til móður-

bróður síns sem bjó hér en þegar hann fann ekki frænda sinn fór hann til lögreglunnar og bað um aðstoð. Þá var farið með hann í flóttamannabúðirnar. Ajmal vonaði að hann gæti fundið fjölskylduna sína aftur einhvern tíma.

Foreldrar mínir fundu mig fljótt og gátu hjálpað mér burt úr flóttamannabúðunum. Ég hugsa oft til Ajmal og á aldrei eftir að gleyma honum.“



Veist þú um einhverjar flóttamannabúðir? Hvernig er aðbúnaður barna þar?

Víða um heim verða erfiðar aðstæður til þess að börn þurfa að vinna langa og stranga vinnudaga í stað þess að geta stundað nám, hvílt sig og leikið sér.

Barnaþrælkun

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að börn eigi rétt á vernd gegn vinnu sem komi í veg fyrir að þau geti hlotið menntun eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Sem betur fer njóta mörg börn þessarar verndar í dag en því miður er langt frá því að öll börn njóti slíks.

Um 115 milljónir barna í heiminum lifa við þrælkun. Þau vinna við hættuleg, heilsuspillandi og niðurlægjandi störf. Þau njóta ekki margra þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn kveður á um, ef þau njóta nokkurra þeirra yfirhöfuð. Vinnuþrælkun barna er málefni sem kemur okkur öllum við. Töluverðar líkur eru á að einhver af þeim fötum sem þið eruð í einmitt núna hafi verið saumuð af barni í vinnuþrælkun. Uppáhalds súkkulaðið ykkar er líklega búið til úr kakóbaunum sem börn í vinnuþrælkun hafa tínt. Rafmagnstækin sem þið handleikið daglega gætu hafa verið búin til af börnum í vinnuþrælkun.

Þetta voru vondu fréttirnar en góðu fréttirnar eru þær að saman getum við hjálpast að við að stöðva vinnuþrælkun barna. Við getum:

- Frætt aðra um vinnuþrælkun,
- keypt vörur frá framleiðendum sem koma vel fram við fullorðið starfsfólk sitt,
- stutt hjálparsamtök sem aðstoða börn við að sleppa úr vinnuþrælkun
- og við getum þrýst á stjórnvöld í okkar landi að taka þátt í baráttunni gegn vinnuþrælkun barna.



Hvernig gætir þú þrýst á íslensk stjórnvöld að taka þátt í baráttunni gegn vinnuþrælkun barna?

Súkkulaði er unnið úr kakóbaunum en þær vaxa á trjám í heitum löndum, meðal annars á Fílabeinsströndinni en þangað er ferð okkar heitið núna.

Yaya



„Ég heiti Yaya og ég er tólf ára gamall. Ég er frá Malí en núna bý ég á Fílabeinsströndinni. Ég var úti að leika mér með vinum mínum rétt utan við þorpið mitt í Malí fyrir ári síðan. Við vorum nálægt veginum og sáum þegar bíll stoppaði rétt hjá. Maður steig út úr bílnum, opnaði húddið og fór að skoða vélina. Ég var forvitinn um hvað hefði komið fyrir bílinn svo ég hljóp til hans en vinir mínir fóru aftur inn í þorpið.

Þegar ég kom til hans byrjaði hann að spjalla við mig. Hann spurði hvað ég væri gamall og hvar ég ætti heima. Svo bað hann mig um að setjast inn í bílinn og snúa lyklinum fyrir sig. Ég gerði eins og hann bað um og þegar bíllinn fór í gang lokaði hann húddinu og settist svo inn í bílinn hjá mér. Ég færði mig úr bílstjórásætinu og ætlaði að fara út úr bílnum en þá sagðist maðurinn ætla að skutla mér inn í þorpið. Ég heyrði lásinn smella í bílhurðinni og þá varð ég hræddur. Maðurinn keyrði af stað en hann hægði ekki á sér þegar við komum að þorpinu heldur gaf í. Ég reif í hurðina og bankaði í rúðuna en við fórum svo hratt fram hjá þorpinu að það tók enginn eftir mér.

Hann keyrði með mig að rúrustöð við landamærin og þar var ég settur aftan á mótórhjól hjá öðrum manni. Hann sagði mér að halda mér fast og ef ég hreyfði mig myndi hann drepa mig. Hann keyrði með mig eftir krókaleiðum yfir landamærin og loks hingað á plantekruna. Hér eru margir krakkar á sama aldri og ég. Við eigum að höggva niður kakóbelgina og opna þá svo með sveðju til að ná kakóbaununum úr. Við skerum okkur oft. Vinnudagurinn er langur og erfiður. Ég hugsa oft um að strjúka en hef ekki þorað ennþá. Ég sakna foreldra minna og systkina. Ég hef ekki séð þau í meira en ár. Mér finnst erfiðast að hafa ekki einu sinni fengið að kveðja þau.“



Hvert er upphalds súkkulaðið þitt? Hvaðan heldur þú að kakóbaunirnar í það hafi komið?

Næst ætlum við að heimsækja Bangladesh.

Halima

„Ég heiti Halima. Ég er ellefu ára og er frá Bangladesh. Ég vinn við að klippa burtu lausa þræði af fötum í fataverksmiðju. Við saumum föt fyrir fullt af fatamerkjum í útlöndum. Ég vinn átta til níu klukkustundir á dag. Launin mín eru um það bil 380 krónur á viku. Þau eru allt of lág. Ef ég missi úr vinnudag verð ég barin þegar ég mæti næsta dag. Ef við krakkarnir gerum einhver mistök erum við barin og það er öskrað á okkur.

Ég verð að klippa lausa þræði af 150 flíkum á klukkustund. Það er stöðugt verið að öskra á okkur og berja okkur. Við megum bara fara á klósettið tvisvar eða í mesta lagi þrisvar á dag. Klósettin eru skítug og það er ekki hægt að þvo sér þar. Við stöndum allan tímann á meðan við erum að vinna. Í gær leið yfir mig. Þá var öskrað á mig að vakna og standa upp aftur. Ef einhver kemur til að skoða verksmiðjuna erum við krakkarnir látin fela okkur inni á klósettinu á meðan.“



Halima fékk aðstoð frá samtökum sem borga fyrir menntun barna sem hafa verið föst í nauðungarvinnu eins og hún. Hún fékk að fara í skóla sem gladdi bæði hana og foreldra hennar mjög mikið. Hún hafði þurft að vinna vegna þess að foreldrar hennar voru of fátækir til að geta sent hana í skóla þó að þau hefðu gjarnan viljað það.



Hvar voru fötin þín saumuð?

Það að vinna fyrir sér, ganga í hjónaband og eignast börn er eitthvað sem þú tengir eflaust því að vera fullorðin(n). En stundum neyðast einstaklingar sem eru enn á barnsaldri til að axla slíka ábyrgð miklu fyrr en þeir eru tilbúnir til. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, svo sem menntunarskortur, fátækt eða hefðir sem taka ekki mið af jafnrétti.

Barnabréðkaup

Á hverju ári eru 14 milljónir stúlkna undir 18 ára aldri gefnar í hjónaband, eða:

- 1.166.666 á mánuði, eða ...
- 269.230 á viku, eða ...
- 38.461 á dag, eða ...
- 27 á mínútu, eða ...
- 2 á sekúndu.

May var á leið heim úr skólanum þegar þrír strákar réðust á hana og rændu henni. Henni var haldið í litlu herbergi heima hjá einum strákanna, **Pao**. May var haldið í þrjá daga á meðan foreldrar Pao sömdu við fjölskyldu May um kaup á henni sem brúði fyrir Pao. May og Pao voru bæði 12 ára. May og Pao þekktust ekki áður en hann fékk vini sína til að hjálpa sér við að ræna henni. Pao vinnur sem verkamaður og May sér um heimilið ásamt því að vinna úti á akrinum. May dreymdi um að verða kennari en sér ekki fram á að fá að fara aftur í skóla vegna vinnuálagsins. Það á bara eftir að aukast þegar hún byrjar að eignast börn, hvort sem það verður þegar hún er orðin 13 eða 14 ára. Það er ólöglegt að giftast svona ung í Víetnam en May og Pao búa langt úti í sveit þar sem er haldið fast í þessa gömlu hefð, brúðarrán.

Liset var ekki nema 12 ára þegar hún og **James** byrjuðu að vera saman. James var þá 16 ára. Liset varð ólétt þegar hún var 13 ára en missti fóstrið. Ári síðar fengu þau leyfi hjá foreldrum sínum til að giftast. Samkvæmt lögum Texas, þar sem þau eiga heima, þurfa Liset og James að vera orðin 18 ára til að mega giftast. Það er samt hægt að fá undanþágu ef foreldrarnir samþykkja það. Þá er lágmarksaldurinn 14 ára. Liset og James voru einmitt 14 og 18 ára þegar þau giftust. Foreldrum Liset fannst hún allt of ung og höfðu áhyggjur af að hún næði ekki að mennta sig. Premur árum síðar voru bæði Liset og James hætt í skóla og farin að vinna fullan vinnudag fyrir lág laun. Dóttir þeirra var orðin þriggja ára gömul og þau áttu von á öðru barni.



Giftingaraldur á Íslandi er 18 ár. Hvers vegna heldur þú að svona aldurstakmark sé sett í lög víða um heim?

Margir telja að þeir séu bæði andlega og líkamlega tilbúnir til að hefja ástarsambönd þegar komið er á unglingsárin.

Hvað finnst þér vera hæfilegur aldur?
Er eitthvað sérstakt sem þú heldur að væri gott að vita áður en ástarsamband hefst?

Kristín og Einar

„Ég var nýbyrjuð í menntaskóla og frekar stressuð þegar ég fór á fyrsta menntaskólaballið mitt. Mér fannst eins og það væri alltaf verið að ætlast til þess að allir væru í stöðugum sleik á öllum böllum. Svo var alltaf verið að tala um að þetta væri miklu verra á menntaskólaböllum heldur en í grunnskóla. Vinkonur mínar hættu ekki að nöldra fyrr en ég samþykkti að fara með þeim á þetta ball.

Fljótlega eftir að við komum á ballið tók ég eftir einum sætum stráki sem var með mér í íslenskutímum. Hann tók líka eftir mér og brosti til mín. Allt í einu var hann kominn allveg upp að mér. „Hæ,“ öskraði hann upp í eyrað á mér. „Einar. Íslenska 103? Kristín?“ Ég fann hvernig ég hitnaði í kinnunum og rétt náði að kinka kolli. Hann brosti til mín. „Dansa?“ spurði hann svo. Ég varð svolítið hissa því ég var ekki vön svona spurningu á balli. Venjulega dansaði ég með vinkonum mínum og svo komu bara einhverjir og trúðu sér með án þess að spyrja.

Við dönsuðum mjög lengi saman og skemmtum okkur vel. Svo kom rólegt lag. Ég varð svolítið óróleg aftur því ég vildi ekki að þessi skemmtilega stund færi að enda í einhverjum leiðinda þrýstingi um að fara í sleik við strák sem ég þekkti svona lítið. En í staðinn spurði Einar hvort mér fyndist í lagi að dansa áfram við hann. Ég var spennt fyrir honum og samþykkti það svo við dönsuðum áfram, þéttar saman en áður. Þegar við vinkonurnar ætluðum að fara heim kvöddumst við Einar fyrir utan skemmtistaðinn. Ég hikaði aðeins og sagði svo: „Mig langar að kyssa þig. Er það í lagi?“ Honum fannst það í lagi og sagði já. Kossinn var blíður og rólegur og allt, allt öðruvísi en ballsleikirnir sem maður sá endalaust af inni á ballinu.“



Hvað gerist svo síðar? Hvernig myndir þú láta söguna enda?

Líklega hefur þér dottið í hug að þau Kristín og Einar myndu síðar sofa saman. Það er bæði falleg og eðlileg tjáning ástar og tilfinninga þegar báðir aðilar hafa gefið samþykki sitt án þrústings eða þvingunar.



Ást og kynlíf

Á Íslandi og í mörgum fleiri löndum er kynfræðsla hluti af námsefni í skólanum. Ef til vill þykir mörgum þetta örllítið neyðarlegt en skilja samt að það er nauðsynlegt að hafa skilning á líkama sínum og tilfinningum og vita hvað kynlíf er. Það er ósköp eðlilegt að vera forvitinn en það er ekki endilega auðvelt að spyrja um það sem mann langar að vita um kynlíf. Kannski þorir maður ekki að spyrja í skólanum og kannski ekki heima heldur. Þegar maður er forvitinn um eitthvað dettur manni kannski í hug að best sé að fá upplýsingar á netinu.

Á netinu er að finna óendanlega mikið af alls konar efni um hvað sem er en það getur verið erfitt að fóta sig þar og átta sig á hvað er í alvöru og hvað er tilbúningur. Það ætti að vera hægt að finna upplýsingar um kynlíf en það er hættu á að upplýsingaleitin leiði mann að því sem kallað er klám.

Klám er afbökun á kynlífi. Í klámi er mikið valdaójafnvægi þar sem karlinn drottnar oftast yfir konunni. Valdamikla fólkið niðurlægir og níðist á því valdaminna og notar það eins og það væru hlutir en ekki fólk. Fólkið í kláminu lætur eins og þetta sé allt í lagi en í rauninni er ekki verið að sýna eðlilegt kynlíf. Lykilorðin fyrir klám eru: sviðsetning, gert fyrir áhorfendur, ofbeldi, valdaójafnvægi, hlutgerving, engar tilfinningar, blekkingar, niðurlæging, að nota aðra eða vera notaður.

Í alvöru kynlífi er gagnkvæm virðing milli beggja aðila og samþykki þeirra er ljóst en ekki þvingað. Lykilorðin fyrir kynlíf eru: virðing, valdajafnvægi, umhyggja, nánd, ást, unaður, heiðarleiki, raunveruleiki, einkastund beggja aðila.

Við verðum að gæta virðingar í öllum samskiptum okkar við annað fólk. Við þurfum

*hlutgerving:
þegar farið er
með fólk eins
og það væri
hlutur*

alltaf að virða mörk annarra um leið og aðrir þurfa að virða okkar mörk. Samþykki þarf að vera skýrt og greinilegt og alls ekkert vafamál. „Nei“ þýðir alltaf „nei.“ „Kannski“ er langt frá því að vera skýrt og laust við vafa. „Kannski“ og „ég veit ekki“ eru einmitt orð sem lýsa vafa og gefa til kynna að verið sé að ganga of nærri mörkunum. Þögn er *aldrei* það sama og samþykki. Við ættum alltaf að túlka þögn sem „nei.“

Þegar kemur að einhverju sem krefst líkamlegrar nándar, eins og kossar, gælur eða kynlíf, er sérstaklega mikilvægt að leita samþykkis fyrir hverju skrefi.




Hver er munurinn á klámi og kynlífi? Hvernig tengist jafnrétti klámi?




Þá er þessarri kynningarferð um hugtök, sögur og staðreyndir um jafnrétti lokið en ferðalagið er samt bara rétt að hefjast.

Nú takið þið við og stýrið ykkar ferðalagi sjálf og vonandi með jafnréttisglæraugun á nefinu. Eftir kynningarferðina erum við komin með verkfæri í hendur til að geta betur skilið og rætt saman um jafnréttismál. Við skulum nota þessi verkfæri til að byggja betra og réttlátara samfélag fyrir alla. Við breytum kannski ekki heiminum ein en hvert skref í átt að meira jafnrétti er mikilvægt. Gleymum heldur ekki að við erum öll hluti af samfélagi og getum haft meiri áhrif ef við vinnum saman.



Rifjum að lokum upp ráðleggingarnar sem þið fenguð í bókinni:



- * „Skoðið heiminn í kringum ykkur með kynjagleraugin á lofti, spyrjið alls kyns spurninga og veltið þessum málum fyrir ykkur.“ (Víðir Guðmundsson)
- * „Töffarar og prinsessur eru úr sér gengin fyrirbæri. Ekki vera hrædd við að vera þið sjálf!“ (Trausti Dagsson)
- * „Maður kemst ekki í gegnum lífið án þess að mæta hindrunum en ef maður ætlar að ná árangri þá verður maður að mæta þeim af óbilandi krafti. Kynjamisrétti er staðreynd í okkar samfélagi og ungt fólk á ekki að leyfa því að standa í vegi fyrir sínum markmiðum.“ (Sigríður María Egilsdóttir)
- * Kynnið ykkur hvað femínismi er með opnu hugarfari. Kynnið ykkur líka hvað samþykki og mörk eru.“ (Oddur Sigurjónsson)
- * „Mig langar til að hvetja ungt fólk á Íslandi til þess að láta í sér heyra og hafa áhrif á samfélagið. Þið eruð fólkið sem mun taka við að stjórna landinu. Þið hafið svo ótrúlega mikið að segja og getið haft mikil áhrif á samfélagið!“ (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir)

Myndaskrá

- Bls. 13 Efri, Wikimedia/Úr málverki eftir Hyacinthe Rigaud í eigu Louvre-safnsins í París, málað 1701. Neðri, Wikimedia/Málverk eftir Hyacinthe Rigaud og er að finna í Versalahöll í Frakklandi, málað 1730
- Bls. 14 Efst, Þjóðminjasafnið, ljósmyndari óþekktur. Miðja, málverk eftir Pierre Gobert, © Museo SaBassa Blanca – Fundación Yannick y Ben Jakober (Majorku). Neðst, Þjóðminjasafnið, Ívar Brynjólfsson tók ljósmynd
- Bls. 18 Fatema Hossaini
- Bls. 19 Þjóðminjasafnið
- Bls. 20 Unicef/Asselin
- Bls. 21 Wikimedia/Claude Truong-NGOC
- Bls. 24 Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Ljósmyndari óþekktur. Ólafur Magnússon gerði eftirtöku
- Bls. 25 Efst, Víðir Guðmundsson. Miðja, Trausti Dagsson. Neðst, Oddur Sigurjónsson
- Bls. 26 Mbl.is/Rósa Braga
- Bls. 28 Embla Guðrúnar Ágústsdóttir
- Bls. 30 Norden.org/Metta Mjöberg Tegnander
- Bls. 32 Nordic Photos/Getty
- Bls. 33 Dreamstime.com/Robert Nyström
- Bls. 34 Nordic Photos/Getty
- Bls. 35 Dreamstime/Jose Gil
- Bls. 37 Fatema Hossaini
- Bls. 38 Unicef/Romenzi
- Bls. 40 Unicef/Asselin
- Bls. 41 Unicef/Khan

Þakkir til allra þeirra sem hafa lagt höfundum og útgefanda lið við útgáfu bókarinnar með viðtölum og myndefni.

Í þessari bók er þér boðið í eins konar ferðalag til þess að kynnst ýmsum hliðum jafnréttis, svo sem kynjajafnrétti, jafnrétti óháðu kynhneigð, milli fatlaðra og ófatlaðra, milli fólks með ólíkan húðlit, tungumál og uppruna. Þú lest sögur sem veita svolitla innsýn í stöðu jafnréttismála héraendis og víðsvegar um heiminn og kynnist hetjum sem hafa barist fyrir jafnrétti.

**Höfundar eru Kolbrún Anna Björnsdóttir
og Fatima Hossaini**

Lára Garðarsdóttir teiknaði myndir



MENNTAMÁLASTOFNUN
40059

